

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

haldinn miðvikudaginn 23. september 2020, kl. 16:00 á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri.

Fundur nr. 171.

Mættir eftirtaldir fundarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson, formaður (D), Anna Magdalena Buda (D), Arnfríður Jóhannesdóttir (D) Arndís J. Harðardóttir (Z) og Lilja Magnúsdóttir (Z).

Jón Hrafn Karlsson (D) og Fanney Ásgeirsdóttir (Z) boðuðu forföll.

Lilja Magnúsdóttir ritar fundargerð.

Kl. 16:00 – Fræðslunefnd.

1) Ýmis mál og tilkynningar frá síðasta fræðslunefndarfundum.

Rætt um ráðningarmál kennara við Kirkjubæjarskóla á Síðu. Rætt um ráðningu skólabilstjóra. Málefni varðandi mótuneytismál. Vinnuhópur um þau mál lagði til að stofna sameiginlegt mótuneyti.

2) Skýrsla vegna viðtalstíma formanns fræðslunefndar. Rætt um skýrsluna.

3) Önnur mál.

a) Erindi frá skólustjóra Heilsuleikskólans Kærabæjar dags. 21. september 2020. Börnum hefur fjölgað í Heilsuleikskólanum Kærabæ, verða 36 börn í október, aukin þörf fyrir sérkennslu og breyting á kjarasamningum starfsmanna kallar á fleira starfsfólk. Nú eru 9,71 stöðugildi en skólustjóri fer fram á að það verði 11 stöðugildi. Fræðslunefnd tekur undir orð skólustjóra Heilsuleikskólans um að ráða þurfi fleira starfsfólk og vísar erindinu til sveitarstjórnar.

Kl. 17:30 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

1) Bréf frá Bjarna Bjarnasyni, dags. 18. ágúst 2020, vegna skólasetningar. Bréfið varðar aðgengi foreldra að skólasetningu en á þeim tíma var 100 manna samkomuviðmið og 2 metra náandarregla. Ljóst er að skólasetning myndi aldrei fara yfir 100 manns en til að tryggja náandarreglu gerði fræðslunefnd það að tillögu sinni að fara þess á leit við skólustjóra að færa skólasetninguna í stærra húsnæði og með því að tryggja nauðsynlega fjarlægð. Fræðslunefnd samþykkti tillöguna áður í tölvupósti. Fræðslunefnd staðfestir niðurstöðuna.

- 2) **Nám barna í öðru lögheimilissveitarfélagi.** Rætt um reglur og viðmið varðandi þessi mál. Fræðslunefnd hefur áhyggjur af fjölda barna sem eiga lögheimili í Skaftárhreppi en stunda nám í öðrum sveitarfélögum. Þetta kostar Skaftárhrepp háar upphæðir, allt að 7 milljónum fyrir skólaárið 2020 – 2021 miðað við stöðuna sem er í dag.
- 3) **Starfsmannamál.** Það tókst að ráða inn kennara fyrir skólaárið þó það gengi ekki auðveldlega. Tveir menntaðir kennarar eru í fæðingarorlofi og fyrir þá komu inn leiðbeinendur með góða menntun en ekki kennararéttindi. Tveir stundakennarar kenna stærðfræði og valgrein. Fjórir kennarar eru menntaðir, að skólastjóra meðtöldum. Samtals eru 4,52 stöðugildi í kennslu við skólann. Skólaliðar eru tveir starfsmenn í 1,7 % starfi, stuðningsfulltrúi er í 30% stöðu og svo annar starfsmaður sem sinnir ýmissi aðstoð inni í bekk. Það vantar þó fleiri aðila í stuðning. Skólastjóri áætla að það verði ráðinn inn nýr starfsmaður í stuðning í október.
- 4) **Meðferð sakavottorða í skóla.** Um leið og ráðinn er nýr starfsmaður þá kvittar hann undir leyfi fyrir skólastjóra til að fá vottun um að viðkomandi hafi ekki brotið af sér síðustu ár. Þar eru brotaflokkar sem eru skoðaði: kynferðisbrot, önnur ofbeldisbrot og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Skólastjóri fær svo vottun senda frá saksóknara.
- 5) **Sérkennsla – Skipulag vetrarins.** Ekki hefur enn tekist að fá sérkennara þrátt fyrir að auglýst hafi verið full staða í samstarfi við leikskólann. Rætt um leiðir til úrbóta, t.d. að hvetja einhvern hér til að ná sér í þessa menntun eða hafa samstarf við nágrannasveitarfélög. Formaður fræðslunefndar spyr um einstaklingsnámskrár og skólastjóri segir að þær séu tilbúnar. Nýjar spjalddölvur með talgervli verða aðgengilegar fyrir nemendur sem þurfa á því að halda mjög fljótlega.
- Skólaþjónustan.** Katrín skólastjóri á fund fljótlega með forstöðumanni skólaþjónustunnar og öðrum skólastjórum varðandi breytingar á skimun nemenda í lestri og stærðfræði.
- 6) **Námsmat. Kirkjubæjarskóli** notar nú viðmið í námsmati samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla. Fræðslunefnd mælir með að haldið verði námskeið fyrir foreldra um námsmat og hvernig eigi að lesa úr þeim umsögnum sem nemandi fær. Skólastjóri lofar að skoða það. Skólastjóri ætla að koma því á framfæri við hvern umsjónarkennara að hann kynni námsefni hvers árgangs fyrir foreldrum. Skólastjóri og foreldrafélag kanni möguleika á að fá kynningu fyrir foreldra á Mentor og námsmati.
- 7) **Samstarf grunnskóla og tónlistarskóla.** Nemendur fá að fara út úr kennslustundum til að fara í tónlistarskóla. Nemendur fara út úr mismunandi greinum með því að stundaskrá tónlistarskólans er breytt á þriggja vikna fresti.

- 8) **Starfsáætlun.** Skólastjóri segir frá starfsáætluninni. Formaður þakkar skólastjóra fyrir kynninguna. Starfsáætlun verður lögð fram til samþykktar á næsta fræðslunefndarfundi sem fjallar um Kirkjubæjarskóla.
- 9) **Skólanámskrá.** Skólastjóri kynnir drög að skólanámskrá sem verður lögð fram til samþykktar á næsta fræðslunefndarfundi sem fjallar um Kirkjubæjarskóla.
- 10) **Afmæli Kirkjubæjarskóla 30. október 2021.** Skólastjóri kemur með tillögu um að skipuð verði afmælisnefnd til að sjá um afmælið í október 2021. Skólastjóri leggur til að sveitarsjórn skipi í nefnd til að sjá um afmælishátíð eða atburði allt árið. Málinu vísað til sveitarstjórnar.
- 11) **Heilsueflandi grunnskóli.** Sótt hefur verið um þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla og mun innleiðing hefjast fljótlega. Bent er á að leikskólinn Kæríbær er Heilsuleikskóli og þess vegna mjög gott mál ef okkur tekst að fá báða skólana í heilsueflandi vinnu.

12) Önnur mál.

- a) **Húsnæðismál í Kirkjubæjarskóla.** Erindi frá skólastjóra. Skólastjóri ræðir breytingar á skólahúsnæðinu nú þegar verið er að taka 3ju hæðina undir þekkingarsetur. Skólastjóri óskar eftir að fá meiri upplýsingar um hvað eigi að gera næst í húsnæðismálum skólans. Óskað eftir kynningu frá sveitarstjórn fyrir starfsfólk skólans um framtíðarbyggingar. Fulltrúi foreldra tekur undir að það sé mjög mikilvægt að sjá plan um hvað verði gert til að bæta úr húsnæðismálunum. Enn er kennt í bráðabirgðahúsnæði þar sem bæði myndmenntastofa og smíðastofa eru í húsnæði sem átti að vera geymslur í upphaflegu teikningunni.
- b) Eitt sem vantar er skilti til að afmarka lóðina og benda fólki á að þar sé ekki aðgangur fyrir aðra á skólatíma.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15



Þorsteinn M. Kristinsson


Anna Magdalena Buda


Arndís J. Harðardóttir


Arnfríður Jóhannesdóttir

Lilja Magnúsdóttir


70